

Nd.

808. Frumvarp til laga

[10. mál]

um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumurinn 1969 og 1970.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. apríl.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Flutningasjóður síldveiða. Sjávarútvegsmálaráðherra setur reglugerð um stjórn og rekstur sjóðsins, og skal kostnaður af stjórn og rekstri hans greiddast af fé sjóðsins.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán og endurlána Flutningasjóði eða takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni, sem Flutningasjóður tæki, svo og að veita Flutningasjóði lán úr ríkissjóði, að fjárhæð allt að 30 milljónum króna eða jafnvirði hennar í erlendri mynt, til greiðslu útgjalda samkvæmt lögum þessum. Stjórn Flutningasjóðs annast lántökur þessar fyrir hönd sjóðsins.

2. gr.

Stjórn Flutningasjóðs skal annast flutninga saltaðrar síldar af fjarlægum miðum til íslenzkra hafna sumurinn 1969 og 1970. Er henni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í þessu skyni og gera aðrar ráðstafanir, er nauðsynlegar teljast til að tryggja flutningana, þ. á m. að ráða nauðsynlegt starfsfólk vegna flutninganna, svo og til að veita söluleyfi á fersksild í umboði viðskiptamálaráðuneytisins. Í reglugerð, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur, skal kveðið nánar á um þessi atriði. Kostnaður

af þessum ráðstöfunum skal greiðast úr Flutningasjóði. Enn fremur skal setja í reglugerð ákvæði um sölu og afhendingu á tunnum og salti úr flutningaskipum á miðunum og greiðslur fyrir þær vörur.

Greiða skal úr Flutningasjóði styrki til flutninga á sjósaltaðri og ísvarinni síld samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. Stjórn Flutningasjóðs skal annast greiðslu flutningastyrkja.

3. gr.

Tekjur Flutningasjóðs eru gjald, að fjárhæð kr. 100.00 á tunnu, er greiða skal af útflutningsandvirði hverrar tunnu saltaðrar síldar, sem unnin er úr síld veiddri á Norður-, Norðaustur- og Austurmiðunum á árunum 1969 og 1970. Sé síldin notuð til niðurlagningar eða flökunar til útflutnings, greiðist tilsvarendi gjald. Gjaldið er miðað við heiltunnu. Skal Síldarútvegsnefnd draga gjald þetta frá útflutningsandvirði hverrar útfluttrar tunnu, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda, og greiða það í Flutningasjóð, svo fljótt sem unnt er. Aðrir útflytjendur skulu á sama hátt inna tilsvarendi gjald af hendi í Flutningasjóð. Tekjum Flutningasjóðs samkvæmt þessari grein skal varið til greiðslu útgjalda samkvæmt 1. og 2. gr. og endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal, við ákvörðun fersksíldarverðs sumurinn 1969 og 1970, taka fullt tillit til þessa gjalds til Flutningasjóðsins samkvæmt 1. mgr., þannig að helmingur gjaldsins sé borinn uppi af sjómönnum og útvegsmönnum, en hinn helmingurinn af síldarsaltendum.

4. gr.

Nú reynist inneign í Flutningasjóði, eftir að endurgreidd hafa verið lán ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr., svo og útgjöld samkvæmt 1. og 2. gr., og skal hún þá geymd á sérstökum reikningi til næsta árs. Inneign þessari skal varið til greiðslu kostnaðar vegna ráðstafana, er gerðar kynnu að verða vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar sumarið 1971, svo sem sjávarútvegsmálaráðherra kveður á um með reglugerð. Verði ekki gerðar slíkar ráðstafanir, skal inneigninni ráðstafað samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Reynist tekjur Flutningasjóðs samkvæmt 3. gr. ekki nægja til endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr., svo og útgjalda samkvæmt 1. og 2. gr., skal sá mismunur (skuld) greiddur af útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar úr síld veiddri á Norður-, Norðaustur- og Austurmiðunum á árinu 1971. Síldarútvegsnefnd skal draga mismun þennan (skuld) frá útflutningsandvirðinu og greiða í Flutningasjóð, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda, en stjórn Flutningasjóðs skal verja fénu til endurgreiðslu á skuldum sem safnast hafa. Verðlagsráð sjávarútvegsins skal taka fullt tillit til þessa mismunar (skuldar), ef til kemur, við verðákvörðun sumarsíldar til söltunar vorið 1971, og skipta honum til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um framkvæmd söltunar um borð í veiðiskipum, flutninga, losun flutningaskipanna, löndunarstaði o. fl.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.